


Þjóðin og Kvenastet

HEIMIR



EFNISYFIRLIT

	Bls.
Sjöunda þing hins Únitariska kyrkju- félags Vestur-Íslendinga.....	1—20



IX. AR 1913 1 BLAD

FASTEIGNIR KEYPTAR OG SELDAR

KOMIÐ OG ATHUGIÐ hvað vér höfum að bjóða, á ýmsum stöðum í borginni, áður en þér veljið yður byggingarstæði. Vér kaupum sölu-samninga, lánum peninga út á eignarbréf fyrir bæjarlóðum. Komið til vor eftir öllu, tilheyrandi fasteignum.

WILLIAM GRASSIE

54 AIKINS BUILDING - 221 McDERMOT AVE.

PHONE 5327 - - - P. O. BOX 645

Áskrifendur og Nýjir Kaupendur "Heimis".

Með þessu blaði byrjar Heimir NÍUNDA árið. Hann á allmikið útistandandi. Kaupendur hans eru altöfú fáiir. Það er því þetta tvent sem útgáfufnfndin óskar eftir að þetta ár geti gjört: Fjölgað kaupendum og fá inn úti-standandi áskriftargjöld.

Peningar og ávísanir sendist Ráðsmanni. Hra. Ólafi Péturssyni nr. 45 Aikins Bldg, Winnipeg.


Kyrkjupingsmenn eru beðnir að muna eftir að útbreiða blaðið. Þeir hétu því. Og skal þá útgáfufnfndin gjöra sitt til að gjöra kaupendur ánægða.

HEIMIR er, auk kápu, 288 bls. yfir árið og kostar að eins einn dollar.

HEIMIR

ÚTGEFENDUR

HIÐ ÍSLENZKA ÚNÍTARISKA
KYRKJUFÉLAG VESTURHEIMI



IX. ÁRGANGUR

WINNIPEG, MANITOBA

1913—1914

Efnisyfirlit.

	bls.
Andlegt líf og mentun (þýtt)—Fr. Paulsen.....	78-82
Athugasemd við fyrirlestur séra F. J. Bergmanns "Guðshugmynd- in og únfataratrú.—ritstj.....	200-217
Bóka- og handrita safn kyrkjufélagsins.—ritstj.....	66-68
Einkennilegur flokkur.....	271-272
Eg brenn (kvæði)—Þorst. Þ. Þorsteinsson.....	102-105
Einkennileg lækningaaðferð, (þýtt).....	150-151
Grundvallarlög hins únfatariska kyrkjufélags.....	38-40
Heillaður, (kvæði eftir R. Service)—Þýtt af E. J. Árnasyni.....	128-129
Helmir.—ritstj.....	25-28
Hvenær byrja trúfrelsissskoðanir að gjöra vart við sig á Íslandi. —ritstj.....	89-94; 98-101
Íslenzkur námsmaður í Meadville.....	269-270
Jóla óskin.—ritstj.....	121-122
Kenning nýju guðfræðinnar. Skoðun próf. Jóns Helgasonar á persónu Jesú, fyrirlestur.—ritstj.....	105-120
Kenning Únitara, fyrirlestur.—ritstj.....	146-164
Kristileg siðfræði, fyrirlestur—G. Árnason.....	41-47; 57-62
Kyrkjublað.....	40
Landið helga, (kvæði)—Fr. Berg.....	82-83
Lotteri.—ritstj.....	72
Lux Benigna (þýddur sálmur eftir Newman)—ritstj.....	73-74
Molar—Matth. Jochumsson.....	220
Málið sem vér tölum.....	262-268
Nóttin lýsir semdagur (kvæði)—E. J. Árnason.....	257-259
Passion Hymns of Iceland.—ritstj.....	87-88
Réttindi kvenna samkvæmt lögbók Hammúrabis, (þýtt)—G.Á. 132-142	
Ritdómur dr. Valtýs um Höfuðlærdóma.—ritstj.....	76-78
Siðir og helgisíðir, fyrirlestur)—ritstj.....	28-38; 49-56
Signý P. Olson (með mynd)—ritstj.....	139-141
Signý P. Olson (kvæði)—Þorst. Þ. Þorsteinsson.....	141-142

Skýrslur safnaða og presta.....	74-76
Strfðið.—G. Á.....	143-147
Tvfræði í orðum (þýtt)—Samuel M. Crothers.....	268-269
Til hinna framlidnu (kvæði eftir Schack)—Stgr. Th.....	97
Trúarbragða afsóknir á fyrstu öldum kristindómsins.—G. Á.	129-137; 164-170
Trúaryfirlýsing Únitara, (ræða eftir Dr. Charles Eliot).....	218-220
Trúðar,—ritstj.....	69-71; 83-87; 143-144; 170-172
Tvær gamanvísur.....	95-96
Trú og guðfræði (þýtt)—eftir Dr. C. C. Everett.....	259-262
Uppruni nafnsins Únitar, (þýtt)—G.Á.—.....	147-149
Únitaratrúin, uppruni hennar og þroski í kristnu kyrkjuni. (fyrirlestur)—G. Á.....	173-199
Úr ýmsum áttum.....	151-152
Útdráttur úr ræðu Vilhj. Stefánssonar.....	63-66
Vilhj. Stefánsson.—ritstj.....	47-48
Vagga mannkynsins.—G. Á.....	253-257
Þingfjöldi frá sjöunda kyrkjubingi Únitara.....	121-135
Þótt eg sökvi í saltan mar (þýdd vísaq.....	96

HEIMIR

IX árgangur

WINNIPEG, 1913.

1. blað.

ÞINGTÍÐINDI.

Framhald.

Var skýrsla þessi viðtekin og heimi vísað til næsta liðar á dagskrá.

Var þá beðið um skýrslu útgáfunefndar. Gat skrifari þess að nefnd sú hefði enga skýrslu fram að flytja. engin rit hefði verið gefin út síðan þing kom saman síðast.

Með því að skýrsla frá Útgáfunefnd Heimis var ekki alveg tilbúin, var samþykkt að láta hana biða til næsta fundar.

Kom þá fram tillaga um að fresta fundi til kl. 7.30 e. háð, og var hún samþykkt.

Kl. 7.30 var komið saman aftur. Um kl. 8 kallaði forseti á séra Rögnvald Pétursson að flytja fyrirlestur, um "Síði og Helgisíði". Var fyrirlesturinn allvel sóttur. Að loknu erindinu er tók rúman klukkutíma urðu nokkrar umræður. Var því lýst yfir að öllum væri heimilt að taka til máls, hvort sem þeir væri til heyrandi Únitariðskum félagsskap eða ekki. Gjörðu þá þessir athugasemdir við ýms atriði fyrirlestursins: séra G. Árnason, séra A. E. Kristjánsson, og séra J. P. Sólmundsson. Svaraði fyrirlesarinn umræðunum fáum orðum.



Lýsti forseti þá yfir að þingi væri frestað til kl. 9.15 f. háð. næsta morguns, óskaði eftir að sem flestir gæti þá verið komnir, og að fundi væri nú slitið.

II. FUNDUR.

Fundur settur 19. Apríl, kl. 10 f. háð. Séra A. E. Kristjánsson las kafla úr 103 Davíðs sálminum. Sunginn var sálmurinn 30 í sálmabókinni. Sagði forseti því næst fund settan. Var þá lesin fundargjörð frá síðasta fundi og samþykkt. Var þá kallað eftir þeim skýrslum er frestað hafði verið til þessa fundar.

B. B. Olson gaf þá munnlega skýrslu yfir útbreiðslustarfíð, og tók þar með ýmsar bendingar um framhaldandi starf. Kvaðst hafa verið erlendis stóran hluta ársins, væri sér því ekki eins kunnugt um starfíð. Talaði um að æskilegt væri að frekari prestsþjónusta fengist fyrir söfnuði þá, er að eins hefði orðið aðnjótandi prestsþjónustu um stutta tíma ársins. Væri það í samræmi við áður gjörðar samþyktir stjórnarnefndarinnar. Því tilraun hefði verið gjörð til að fá prest frá Íslandi, og væri enn ekki óvíst nema það mætti takast. Mælti hann með að framvegis, sendi söfnuðir kyrkjufélagsins, allar ársskýrslur sínar skrifara kyrkjufélagsins, og væri þar sérstaklega tekið fram manntal safnaða, guðsþjónustur, hjónavígslur, skírnir, fermingar, dauðsföll. Enn fremur mælti hann með að betur þyrfti að útbreiða blaðið Heimir. Taka þyrfti fyrir líka, frekar en gjört hefði verið, útgáfu nauðsynlegra rita, svo sem sálmabókar o. fl.

Um atriði safnaðaskýrslanna, töluðu forseti og séra A. E. Kristjánsson, og létu þá skoðun í ljósi að æskilegt væri að söfnuðirnir vildi taka það mál til fhugunar. Þó lét séra A. E. Kristjánsson þá skoðun í ljós, að ekki væri viðeigandi að þingin tæki slíkar skýrslur til meðferðar, heldur gæti þær verið stjórnarnefndinni til fróðleiks, til að sjá hversu hagur félagsins stæði út á við.

Skrifari stakk upp á að þessi munnlega skýrsla útbreiðslustjóra sé viðtekin, en þau tvö mál er snerta safnaðarskýrslur og útgáfumál félagsins, sé vísað undir næsta lið á dagskrá. Uppástunguna studdi B. B. Olson og var hún samþykkt.

Var þá skýrsla útgáfunefndar "Heimis" tekin af borði. Ráðsmaður, S. B. Brynjólfsson, lagði þá fram skýrslu yfir hag blaðsins. Kvað hann fjarhaginn í góðu lagi en áskritendum fækkað að mun, enda engin tilraun gjörð til að útbreiða blaðið. Mæltist til að þingið skipaði nefnd til að yfirlíta reikninga og gjöra tillögur blaðinu viðkomandi. Ritstjóri séra Guðm. Árnason, skýrði þá frá starfi sínu við blaðið. Taldi að dráttur hefði verið í seinni tíð á útkomu blaðsins og væri það prentstofunni að kenna, er meira hefði til prentunar en hún kæmi verkum yfir.

Til Kyrkjúpings Únitara frá ráðsmanni "Heimis",
frá 31. Okt. 1910 til 30. Apríl 1913.

1910, Okt. 31. Balance frá H. Pétursson.....	\$ 7.30	
1913, Apr. 19. Allar aðrar inntektir	903.85	
	<u>\$911.15</u>	
Öll útgjöld á nefndu tímabili		\$832.00
Til jafnaðar		<u>78.55</u>
		\$911.15
Apr. 25. Verður útistandandi húsaleiga		\$30.00
Útistandandi fyrir auglýsingar nálægt.....		<u>50.00</u>
		\$80.00

Af áskriftargjöldum er mikið útistandandi, en það hefi ég ekki talið saman, het það eftirmauni mínum eftir.

S. B. BRYNJÓLFSSON,
ráðsmaður.

Stungið upp á af Gunnari J. Goodmundsson að skýrsla ráðsmanns sé samþykkt. Stutt af skrifara og samþykkt. Skrifari stakk upp á að skipuð sé nefnd í Heimis málið, stutt af G. J. Goodmundsson og samþykkt. G. J. Goodmundsson lagði þá til að skipuð sé 5 manna nefnd að forseta meðtöldum og útnefni forseti í nefndina. Stutt af Jónasi Halldórssyni, og samþykkt. Þessa skipaði forseti í nefndina, séra Guðm. Árnason, Miss Steinunni Stefánsson, J. B. Skaptason og Stefán Á. Bjarnason.

Tekinn fyrir næsti liður á dagskrá.

Séra Guðm. Árnason lagði til, að tekin væri til meðferðar bændingin um tilvonandi skýrslur frá söfnuðum. Studdi skrifari tillöguna og var hún samþykkt.

G. J. Goodmundsson áleit, að nægilegt sé að biðja söfnuði

um afrit ársskýrsla þeirra. Séra A. E. Kristjánsson áleit ónaúðsynlegt að sendar væri allar ársskýrslur safnaðanna, heldur veittar upplýsingar um þau atviki er snerti starfð út á v.ð. Stakk upp á að valin sé nefnd til að búa til skýrsluform, er gjörði ráð fyrir þeim upplýsingum er nauðsynlegar þætti. Guðm. Guðmundsson studdi uppástunguna. Forseti áleit að bezt væri að skýrslur þessar væri sem nákvæmastar. Til þess að undirbúa þau skýrsluform er gjört væri ráð fyrir, þyrfti nokkurn umhugsunar tíma, tæplega því hægt að semja það form hér á þinginu. Áleit að formið ætti að vera prentað. Skrifari taldi sig meðmæltan uppástungunni, en óskaði eftir að með formunum væri gjört ráð fyrir að hafa skýrsluna sem nákvæmasta. Þar ætti að vera skýrt frá efnahag safnaða, inntektum og framlögum í kyrkjulegar þarfir.

G. J. Guðmundsson gjörði breytingar uppástungu um, að forseti skipi 5 manna nefnd nú þegar til þess, að undirbúa skýrsluform þessi og leggi nefndin álit sitt fram fyrir næsta þingfund. Breytingar uppástungan ekki studd. Pétur Bjarnason gjörði þá breytingar uppástungu um, að máli þessu sé vísað til stjórnarnefndar félagsins er hafi það til meðferðar, og hafi þær framkvæmdir í því er heppilegastar kunna að þykja. Arnlj. B. Olson studdi tillöguna. Dró þá uppástungu og stuðningsmaður fyrstu uppástungu til baka. Var þá breytingar uppástungan eina tillagan fyrir fundinum og var hún samþykkt.

Var þá rætt útgáfumál félagsins. Tók séra A. E. Kristjánsson til máls í því, og vildi vita hvað síðasta þing hefði ákveðið um það efni. Vildi einnig vita hvað gjöra ætti í sálmabókarmálinu. Las skrifari þá samþykktir síðasta þings í þessu efni. Taldi skrifari sig vera mótfallinn því að þetta sálmabókarmál væri tekið fyrir enn á ný. Um það hefði áður verið gjörðar samþykktir er aldrei hefði náð lengra. Skrifað hefði verið öllum helztu skáldum Íslands og þeir beðnir aðstoðar í þessu efni, en þeir engu gegnt. Sálmabók yrði ekki samín á einum degi. Engin þau tvö eða þrjú skáld væri til, er kveðið gæti trúarljóðasafn er fullnægði heilli kyrkjudeild. Sálmabókin íslenzka væri afrakstur trúar reynslu og tilfinninga íslenzku þjóðarinnar frá

Því kristni hefði verið í lög tekin árið 1000. Hverjum sem kynti sér sálmaþókin myndi tæplega finnast hún eins ófullkomin og orð væri á gjört. Kvaðst mótfallinn því, að slitin væru þau einu bönd er sálmaþókin myndaði og tengdi á trúarlega vísu alla Íslendinga saman. Væri það og eðlilegustu tengslin. Hverrar skoðunar sem Íslendingar væri úú, þá væri hin trúarlega reynsla þjóðarinnar öllum sameiginlegur arfur. Tilraun hefði verið gjörð af hálfu Mormóna og Jónasar-Lárusar söfnuði um árið, að skilja íslenzkt samfélag og koma sér upp nýrri sálmaþók. Væri ekki hægt að segja að tilraunir þær hefði heppnast. Væri sálmaþækur þær til sýnis, og væri þær sannarlegt andlegt þjóðar hveixli, að frágangi, efni og andagift.

Séra A. E. Kristjánsson svaraði þessum ummælum og kvaðst engum kunna þökk fyrir það, að jafna trúfélagi voru við Mormóna og Jónasarsöfnuð. Áleit hann að fátt væri af sálmu í núverandi sálmaþók, er vér gætum notað án úrfellinga. Sagðist ekki vera ókunnugur bókinni. Taldi hann þetta alvörumál. Trúarbragða hreyfing vor væri í ósamræmi við sálmaþókina.

Tók þá forseti til máls um þetta og skipaði Arnlj. B. Olson í forsæti. Tók hann fram að vér værum öll samdóma því, að sálmaþókin nægði ekki alls kostar þörfum vorum. En eftir umliðnar málaleitanir í þessu efni, og umræður og tilraunir undanfarandi þinga, þá væri oss nú farið að skiljast að málið væri ekki eins létt til meðferðar og í fyrstu hefði virzt. Vér hefðum ekki rétt til að taka upp í nýja sálmaþók það sem nú væri til af sálmu og trúarlegum ljóðum, án samþykkis hlutaðeigenda. Sálmaþókin væri eign prestsekkna sjóðsins, og samþykki kyrkjumála stjórnar Íslands yrði að koma til, ef vér ætluðum að taka nokkuð upp úr henni. Því illa sæti á oss að taka nokkuð ráns-hendi, þótt slíkt væri ekki ótítt í bókaútgáfum íslenzkum. Benti á að framkvæmdarlausar samþykktir í þessu efni, væri oss fremur til skapraunar en ánægju. Er litið væri á fjárhagshlið þessa máls væri örðugleikarnir miklir. Kvaðst vilja bíða þangað til viðaukinn nýji við sálmaþókina væri kominn að heiman eða bókinni yrði breytt af kyrkjumálastjórn Íslands.

Séra A. E. Kristjánsson áleit, að mikið undirbúningsstarf

væri hægt að gjöra, ef framhaldandi væri málið haft með höndum, þótt ekki yrði af prentun nýrrar bókar í bráð. Þjóst við að verkið væri mikið og tæki langan tíma. Væri það því ekki of snemma tekið til meðferðar. Séra Guðm. Árnason áleit, að bókin yrði ekki samin á skömmum tína, væri hægt að flýta fyrir með ýmsu undirbúnings verki er vel mætti framkvæma. Kvaðst þó ekki gjöra þetta að kappsmáli fyrir sitt leyti.

Fleiri umræður urðu um málið, með og móti. Skrifari gjörði tillögu um, að umræðum yrði nú frestað til næsta fundar. Studd af Jónasi Halldórssyni.

S. B. Brynjólfsson gjörði þá breytingartillögu um, að umræðum sé nú lokið, en öllum er bera áhuga fyrir þessu máli, sé falið á hendur að leita sér upplýsinga um það fyrir næsta þing. Breytingartillöguna studdi Pétur Bjarnason.

... J. B. Skaptason sagði, að breytingartillagan sýndist vera málamiðlun, en í raun réttir væri hún frávisun þessa máls af dagskrá. Séra J. P. Sólmundsson vildi vita, hvort uppástungumaður vildi ekki heldur fela framkvæmdir í þessu efni einhverjum sérstökum.

Var þá gengið til atkvæða um breytingartillöguna og hún samþykkt.

Stungið var þá upp á að slíta fundi og fresta þingi til kl. 2 e. háð. Samþykkt.

III. FUNDUR.

Fundur settur kl. 2.30 e. háð. Séra Rögnv. Pétursson las kafla úr Lúkasar guðspjalli 9. 10. kap. Var þá sunginn sálmurinn 512 í sálmabókinni. Sagði þá forseti fund settan. Var þá fundarbók lesin og samþykkt. Gjörði þá skrifari svo hljóðandi uppástungu: "Með því það hefir verið siður vor á undanfarandi þingum, að sýna öllum er sótt hafa oss á þing, gestrisni og vináttu, þá leyfi eg mér að leggja til að eftirfylgjandi gestum vorum sé veitt málfrelsi: Hra. Eyjólf Olson, Winnipeg; Miss Á. Jónasson, Gimli; Mrs. A. E. Kristjánsson, Gimli; Séra J. P. Sólmundsson, Gimli; Mr. og Mrs. J. G. Christie, Wpeg; Mrs. Guðm. Árnason, Wpeg. Uppástungan studd og samþykkt.

Var þá tekið fyrir útgáfumál kyrkjufélagsins. Séra A. E. Kristjánsson bað skýringa viðvíkjandi málinu, eins og frá því hefði verið gengið á síðasta þingi. Skýrði skrifari hvað vakað hefði þá fyrir nefndinni. Tillaga frá G. J. Goodmundsson um, að málið sé falið sömu nefnd, og í sömu mynd og frá fyrra þingi, til meðferðar til næsta þings, studd af Guðbr. Jörundssyni og samþykkt.

Vék þá forseti um stundarsakir af þingi, og skipaði séra Magnús J. Skaftason forsæti.

Lesið álit þingnefndar er skipuð var í blaða útgáfu máli.

NEFNDARÁLITIÐ.

Herra forseti, —

Við, sem sett vorum í nefnd til þess að íhuga útgáfu blaðsins "Heimis", leyfum okkur að gera eftirfylgjandi tillögur:

- I. Að kosin sé þriggja manna útgáfunefnd, er sjái um útkomu blaðsins og ritstjórn þess eins og að undanfögnu, og geri alla samninga að því lúðandi, þar sem líklegt er að samninga verði að gjöra við aðra prentara en fá, sem nú prenta blaðið. Nefndin skifti með sér verkum eins og henni virðist haganlegast.
- II. Að þingið skori á alla félagsmenn, hvar sem þeir eru, og aðra sem hlyntir eru félagsskapnum, að vinna að útbreiðslu blaðsins, með því að taka að sér útsölu á því og greiða fyrir því á annan hátt.
- III. Vér viljum benda á, að nauðsynlegt er, að allir, sem geta og málefnum vorum eru hlyntir, aðstoði útgáfunefndina með því að senda ritstjóranum ritgjörðir, fréttir um starf safnaða og annað, sem viðeigandi er að birtist í blaðinu. Álitum við að það bæði auki gildi blaðsins í almenningaugum og létti starf ritstjóra, sem er talsvert fyrirhafnar mikið. Væntum við þess að allir finni hvöt hjá sér til þess, og vilji láta blaðið verða málgað kyrkjufélags vors í sem sönnustum skilningi.

Virðingarfyllst,

J. B. Skaftason, S. A. Bjarnason, G. Árnason, S. B. Brynjólfsson.

Stungið upp á af Pétri Bjarnasyni, að nefndarálitid sé samþykkt. Stutt af Guðm. Guðmundssyni. G. J. Goodmundsson gjörði þá breytingartillögu, að nefndarálitid sé samþykkt með þeirri breytingu, að í stað 3 manna sé kosin 5 manna nefnd er sjái um útgáfu blaðsins. Studdi Jónas Halldórsson breytingartillöguna. Um uppástunguna töluðu Pétur Bjarnason og séra Guðm. Árnason, og báðir töldu sig meðmæltu nefndarálitinu óbreyttu. Sagði séra Guðm Árnason, að reynslan hefði sýnt á

liðnum tíma að stærri nefnd hefði ekki gjört meira en sú smærri. G. J. Goodmundsson mælti með að hafa nefndina stærri. Stefán Á. Bjarnason, áleit heppilegt að hafa 5 manna nefnd, gætu tveir verið aðstoðar ritstjórar. Arnlj. B. Olson kvaðst vilja hafa stærri nefnd. Séra A. E. Kristjánsson áleit, að skylt væri að þakka útgáfufélaginu starfið og sérstaklega ritstjóra.

Var þá forseti aftur kominn á þing.

Pétur Bjarnason kvað sér það ekki kappsmál, hvort nefndin væri stór eða smá, en sagðist álíta að því stærri sem nefndir væri, því tafsamara væri að kalla þær saman og því erfiðara væri oft um framkvæmdir. St. Á. Bjarnason kvaðst álíta, fyrst nefndarálitid gjöri ráð fyrir að ritstjóri þurfi aðstoðar með, þá sé þingsins að veita honum þá aðstoð og hafa því nefndina stærri. Forseti gat þess að sér hefði borist mörg bréf frá gætnum mönnum, er lýst hefði ánægju sinni yfir hversu blaðið væri skrifað. Þar væri ekki um klípni við mótstöðuflokkinn að ræða. Gat hann þess enn fremur, að útgefendur hefði stundað köllun sína sem næst postulans boði að þeim hefði verið unt, að hafa frið við alla menn. G. J. Goodmundsson talaði aftur um, að stærri nefndin væri til þrifa fyrir blaðið. Skrifari áleit þýðingarlausa stærri nefnd en nefndarálitid gjörði ráð fyrir. Var þá gengið til atkvæða, breytingartillagan feld en aðal-uppástungan samþykkt.

Las skrifari þá eftirfarandi bréf frá varaforseta félagsins.

Gimli, 19. Apríl 1913.

Séra Rögnvaldur Pétursson,

skrifari hins Útitariska kyrkjufélags Vestur-Íslandinga.

Kæri vin:

Vegna ýmsra örðugleika, get eg ekki verið með ykkur á kyrkjupingi í þetta sinn. Vildi mælast til þess að vera ekki kosinn í embætti aftur. Með beztu óskum til þingsins og kunningjanna.

Þinn einlægur,

STEPHAN THORSON.

Skrifari stakk upp á að afsökun þessi sé tekin til greina og bókuð. G. J. Goodmundsson studdi og var það samþykkt.

Skrifari stakk þá upp á, að hra. Páli Reykdal frá Lundar,

Man., er kominn væri á þing, sé veitt málfrelsi. Uppástungan studd og samþykkt í einu hljóði.

Var þá aftur tekið álit Hælisnefndarinnar til meðferðar. G. J. Goodmundsson stakk upp á, en Arnlj. B. Olsson studdi, að þingið samþykki gjörðir nefndarinnar í þessu máli og votti nefndinni þakklæti fyrir starfið. Var uppástungan samþykkt í einu hljóði.

Séra A. E. Kristjánsson sagðist vera óánægður með þessa samþykkt. Vildi að málinu væri ekki þar með slept af dagskrá. Sagðist heldur kjósa að ganga að hverju sem í boði væri, en að málið væri nú látið falla.

Var þá þinginu og gestum þess boðið til kaffidrykkju í fundarsal kyrkjunnar. Var þá umræðum frestað og veitti forseti fundarhlé, svo þinginu gæfist kostur á að taka boðinu.

Eftir 15 mínútna fundarhlé var aftur tekið til starfa. Skipaði forseti Pétur Bjarnason í forsæti, en tók til máls um afstöðu kyrkjufélagsins í Hælimálinu. Kvaðst hann fyrir sitt leyti ekki vilja taka öðrum kostum en þeim, er veitti algjört jafnrétti og sömu viðurkenningu, öllum Íslendingum er fyrir þessu máli stæði, tillitslaust til trúarskoðana.

Kom þá fram svo hljóðandi tillaga frá Arnlj. B. Olson, studd af G. J. Goodmundsson.

“Það er lagt til, að nefnd sú er kosin var á síðasta þingi til þess, að hafa framkvæmdir fyrir hönd kyrkjufélags vors, í því að koma á fót Aldurhæli fyrir íslensk gamalmenni hér vestan hafs, í samverki og með samkomulagi annara íslenskra félaga, sé beðin að halda áfram starfi í þessu máli fyrir hönd kyrkjufélagsins; og leita frekari samvinnu mögulegleika um þetta efni í framtíðinni”.

S. B. Brynjólfsson gjörði þá breytingar tillögu, að síðari hluti uppástungunnar sé strykaður burt og tillagan látin enda á orðunum “fyrir hönd kyrkjufélagsins”. Studdi Jónas Halldórsson breytingartillöguna.

Séra Albert E. Kristjánsson sagðist álíta, að vér ættum að taka þeirri samvinnu er í boði væri, hver sem hún væri, þótt kostir séu ekki sem riflegastir.

S B. Brynjólfsson sagði, að samkvæmt bréfi séra Rúnólfs Marteinssonar, er lesið hefði verið hér í skýrslu Hælisnefndarinnar, væri ekki um samvinnu að ræða. Engin samvinna væri í boði. Sagðist ekki vita hvort fólki væri þetta ljóst. Samkvæmt því bréfi væri tekið fram, að tilboð hefði verið gjört um samvinnu er tilbjóðendur hefði ekki átt með að gjöra. Áleit að réttust ákvörðun væri sú, að láta nefndina standa án frekari fyrir mæla.

Arnlj. B. Olson og G. J. Goodmundsson buðust þá til að sleppa síðari hluta tillögu sinnar, svo hún væri samhljóða því sem forseti hefði lagt til. Var það viðtekið og lá þá ekki nema ein úppástunga fyrir fundi.

Tók þá séra J. P. Sólmundsson til máls. Áleit málið ætti að skoðast gjört. Þetta væri stærsta málið er lagt hefði verið fyrir Íslendinga hér vestra, annað en skólamálið gamla. Nefnd ætti að vera skipuð hér á þinginu, til að semja yfirlýsingu um hag þessa máls nú, til Íslendinga, og birta þá yfirlýsingu strax í Íslenzku blöðunum, en láta ekki fréttina bíða birting þingtíðinda. Gæti þá svo farið að almenningur léti sig nokkru varða hversu með þessu máli væri skift:

Séra Guðm. Árnason sagðist samþykkur tillögu forseta í þessu máli. Áleit að kringumstæður gæti breyzt í framtíðinni, og þá samvinna fengist með réttlátara og ljúfara móti en nú. Kvaðst ekki vilja gjöra þetta að blaðamáli.

Séra J. P. Sólmundsson sagðist ekki álfta að málið væri gjört að blaðamáli með tillögu sinni. Heldur væri þetta millibilsspor, til að hrinda málinu áleiðis. Sagðist hugsa að almenningsálitið krefðist frekari tilslökunar í þessu efni, ef mönnum væri gjört ljóst hversu þessar sakir stæði. En ef engin tilslökun fengist, tjáði hann sig vera samdóma séra A. E. Kristjánssyni um, að vér yrðum að taka þeim kostum er væri í boði.

Skrifari mótmælti þeirri skoðun. Kvað hann mál þetta varða fleiri en oss. Snerti það alla er skoðanamun ætti við Lútherska kyrkjufélagið. Kvað enga sönnun fengna fyrir því, að aðrir hlutaðeigendur þægi nauðungar-sáttatilboð, þó vér gengjum að því. Væri máli þessu þá lítið betur borgið þó vér

slæjum undan, en ós þá lítil sæmd unnin. Allir yrði að sameinast um málið ef það ætti að hafa framgang. Sæti þá stór hluti Íslendinga hjá, ef engir feugist til nema kyrkjufélögin tvö.

S. B. Brynjólfsson sagðist ekki vilja láta hrata að því, að fara með þetta í blöðin. Kendi það allmikils gleiðgosa brags. Liti þið svo út, se n sí ei in væri tilgangur með því, að veita áris Lúth, kyrkjufélaginu en leita sjálfum oss hróss. Væri það virðing vorri miður sambodið. Frétt þessa máls mætti bíða, og ætti að koma í þingtiðindum vorum, í málgagni kyrkjufélags vors.

Samkvæmt ósk fundarmanna var þá lesin aftur skýrsla Hælisnefndar. Var þá gengið til atkvæða um tillöguna og hún samþykkt.

Var þá stungið upp á að fresta fundi til kl. 7.30 e. hád. og uppástungan samþykkt.

Um kl. 8 e. hád. var aftur tekið til þingstarfa. Kallaði forseti á séra Guðm. Árnason til að flytja fyrirlestur. Flutti séra Guðm. Árnason þá langt og greinilegt erindi um sögu siðferðis hugsjóna norðurláfu þjóðanna. Nefndi hann erindi sitt, "Kristileg s'ðfræði".

Nokkrar umræður urðu að loknum fyrirlestrinum. Var þá fundi slitið og þingi frestað til kl. 10 næsta morguns.

IV. FUNDUR.

Fundur var settur 20. apríl kl. 10.30 f. hád. Séra Guðm. Árnason las kafla úr I. Kor. 13, var þá sunginn sálmurinn nr. 34 í sálmabókinni. Sagði forseti þá fund settan. Var fundarbók lesin og samþykkt.

Í tilefni af því að Dr. Samuel A. Eliot, forseti Ameríska Únítara Félagsins, hafði gengið undir uppskurð og legið hættulega veikur, en væri nú á góðum bata vegi, lagði skrifari fram svo hljóðandi ávarp:

SAMFAGNAÐAR KVEÐJA ÞINGSINS TIL DR. ELIOT.

REV. S. A. ELIOT, D. D.

Press A. U. A.

Boston.

Eins og meðlimir safnaða hinnar Únítarísku kyrkju víðavegar um þessa álfu, er ávalt hafa borið hið fylsta traust til yðar og virðingu fyrir hversu þér hafið uppfyllt þá erviðu köllun, að vera aðal stjórnandi og leiðtogi vörrar frjálsu kyrkju í hinum Engilsaxneska heimi, höfum vér Íslenzkir Únítarar, sem aðrir samverkamenn yðar, fagnað yfir stjórn yðar og leiðsögu. Var oss

Það því mikill harmur er vér spurðum heilsuþessir yðar og sjúkdóm, er þi frá aðrarlegast reynist svo hættulegur lífi manna, er ávalt stendur völlum fæti og vér sáum að til þess gæti dregið að Ameríska Únitara kyrkjan ætti á bakki að sjá þjónustu yðar stjórnar og forsjár í framtíðinni.

Er oss það því hið mesta gleðisefni nú, er vér spyrjum að hin stærsta hættu sé umliðin, og þér séuð að nú heilsu yðar aftur.

Leyfir þing vort sér því, að senda yður samfagnaðar og vinakveðju sína, og biður guð að blessa yður og fjölskyldu yðar, og Únitarskri kyrkju, líf yðar og heilsu, um komandi tíma.

Var tillagan samþykkt með því að þingmenn risu úr sætum. Samþykkt var að senda ávarp þetta á ensku og íslensku til Dr. Eliots, og skrifara falið að sjá um það.

Var þá dagskránni haldið áfram og var þá útbreiðslumálið tekið fyrir, að hafa útvegi með að fá aukna prestsþjónustu innan félagsins, og nemendur á prestaskóla. B. B. Olson kvað það ekki vandalaust að útvega presta þeim söfnuðum er of líttillar prestsþjónustu nyti nú sem stæði. Yrði kyrkjufélagið að ábyrgjast þeim prestum framhaldandi laun og atvinnu. Sama væri að segja um þá nemendur er sendir væri á prestaskóla. Skrifari áleit, að hér væri að ræða um hvort þinginu virtist ekki nauðsyn á því, að ráðið væri fram úr þessari þörf. Væri málinu að líkindum bezt borgið í höndum stjórnarnefndarinnar, þó í það mætti skipa sérstaka nefnd. Gat hann þess, að til orðs hefði komið að ungur maður, er nú fyrir skömmu, hefði haft í huga guðfræðisnám, gæfi kost á því með komandi hausti að taka upp nám við Únitara prestaskólann í Meadville.

Pétur Bjarnason áleit þetta eitt vort mesta nauðsynjamál, og óhjákvæmilegt að biðja stjórnarnefndina að hafa allar framkvæmdir í þessu efni.

St. Á. Bjarnason gjörði þá tillögu: að stjórnarnefndinni sé falið að hafa þetta mál með hendi og hún beðin að hvetja og styðja að því, að efoilegir námsmenn leggi fyrir sig guðfræðisnám við prestaskóla Únitara. Séra Guðm. Árnason studdi tillögunu, og kvaðst um leið álíta, enda þótt kyrkjufélag vort mælti með mönnum til inntöku á prestaskóla Amer. Únft. kyrkjufélagsins, bæri það þó enga atvinnuábyrgð gagnvart þeim mönnum í framtíðinni. Það væri rúm fyrir alla er fara vildi og hæfir væri menn, innan ensku Únitara kyrkjunnar, gjörðist of lítið verksvið fyrir þá hér á meðal vor. B. B. Olson sagðist álfta að ýmislegt væri við þetta að athuga. Kyrkjufélagið hefði skyldur gagnvart öllum er það hvetti til guðfræðisnáms. St. Á. Bjarna-

son áleit að allar skyldur hvíldi á baki nemenda sjálfra. Þeir yrði sjálfir að sýna sig hæfa. Skrifari kvað kringumstæður allar vera óðum að breytast meðal vor. Væri afstaða vor nú orðin öll önnur, en verið hefði, í þjóðfélagi þessa lands. Áleit að nemendur íslenzkir gjörðust nú jafnvígir á bæði málin, ensku og íslenzku, gæti þeir því valið um að loknu námi hverri kyrkjunni þeir vildi helzt þjóna. Var þá gengið til atkvæða um uppástunguna og hún samþykkt.

Skrifari stakk upp á: að stjórnarnefndin sé beðin að hafa prestsmál kyrkjufélagsins með höndum í samráði með hlutaðeigandi söfnuðum. G. J. Goodmundsson og Jónas Halldórsson studdu tillöguna og var hún samþykkt.

Var þá rætt um hvort kyrkjufélagið ætti að láta undirbúa og prenta Helgisíðabók, eða handbók presta.

Skrifari gat þess, að mál þetta væri komið á dagskrá fyrir tilmæli séra Guðm. Árnasonar. Skýrði þá séra Guðm. Árnason þetta mál. Sagði að sér hefði hugkvæmst að það væri brýn nauðsyn á að undirbúa slíka bók og koma henni á prent. Nú sem stæði væri ekki sömu kyrkjusiðum fylgt af öllum prestum kyrkjufélagsins. Áleit réttast að þýða Helgisíðabók Ameríska Únitara félagsins. Skrifari taldi sig meðmæltan því, að gefin væri út Únitárisk Helgisíðabók. Gæti hún komið að notum fyrir fleiri en prestana. Viða væri svo háttað að til prests næðist ekki, er framkvæma þyrfti til dæmis skírn, eða greftrun. Gæti menn þá haft not af bókinni. G. J. Goodmundsson stakk upp á, að mál þetta sé falið stjórnarnefndinni. J. B. Skaptason sagðist kunna því vel að fastar reglur sé við teknar við allar kyrkjulegar athafnir og kvaðst styðja uppástunguna. Var þá gengið til atkvæða og hún samþykkt.

Var þá næst rætt hvort kyrkjufélagið skyldi safna ritum, prentuðum og skrifuðum, og öðru viðkomandi sögu trúarhreyfingar vorrar meðal Íslendinga. Talaði skrifari um að þetta hefði komist til orða á síðasta þingi. Sagðist ekki eingöngu vilja láta safna eintaki af öllu því er komið hefði á prent viðkomandi trúarhreyfing vorri, heldur líka gömlum safnaðabókum, nafnaskrám er vera kynni í eigu einstakra manna og félaga. Ætti það vel við að kyrkjufélagið gengist fyrir því og kæmi því öllu á einn stað, þar sem það varðveittist fyrir gleymsku og týnzlu. Forseti mælti fastlega með að eitthvað væri gjört í þessu efni, en áleit bezt að fela þetta verk einum manni. Séra Magn. J. Skaptason stakk upp á: “að þingið feli skrifara að

safna og varðveita öll þau rit er hann getur fengið og snerta sögu kyrkjumála vorra meðal Íslendinga". B. B. Olson studdi tillöguna. Séra J. P. Sólmundsson mælti með uppástungunni. Sagði nauðsynlegt að séð væri um varðveizlu slíks safns, eftir að það væri komið á einn stað. Svo þyrfti líka að sjá um að menn fengi aðgang að þeim ritum er þess kynni að óska. Var uppástungan samþykkt.

Þá var talað um hvort þinginu virtist tök á því, að félagið kæmi sér upp bókasafni. Mælti skrifari og séra Guðm. Árnason með því. Bentu þeir á að ýmiskonar nauðsynleg guðfræðisrit væri ekki til hér við söfn bæjarins og Háskólans. Séra Guðm. Árnason stakk upp á, "að skrifara sé einnig falið að hafa framkvæmdir í þessu máli". J. B. Skaftason studdi uppástunguna og var hún samþykkt.

J. B. Skaptason lagði þá fram þá uppástungu: "Að forseti skipi nú 3 menn í nefnd til þess að útnefna menn í embætti". Studdi Pétur Bjarnason tillöguna og var hún samþykkt. Þessir voru skipaðir í nefndina :

J. B. Skaptason, Winnipeg,
Guðm. Guðmundsson, Mary Hill,
Sigtryggur Kristjánsson, Gimli.

Var þá rætt um næstkomandi þingstað og tíma. Kom þá fram tilboð frá Mary Hill söfnuði og Grunnavatns söfnuði, buðu þeir kyrkjufélaginu að halda hið næsta þing hjá sér, út við Lundar, Man. Fluttu tilboð þetta Pétur Bjarnason fyrir hönd Grunnavatns safnaðar og St. Á. Bjarnason fyrir hönd Mary Hill safnaðar. B. B. Olson stakk upp á að tilboði þessu sé tekið með þökkum. Stefán Eldjárnsson studdi tillöguna og var hún samþykkt.

Séra Guðm. Árnason taldi hentuast að halda þingið í Júnímánuði, væri þá veður og vegir hvað bezt. Stakk Stefán Á. Bjarnason upp á, að þing skuli haldið næstkomandi sumar og k mi saman þann 19. Júní. Studdi Guðm. Guðmundsson tillöguna. E. S. Jónasson kvaðst fremur óska eftir, að ákveðið væri að byrja degi síðar, stæði betur á ferðum frá Gimli með því móti. En með því engin tillaga kom fram um það, var uppástungan samþykkt.

Skrifari stakk upp á, að kyrkjufélagið léti prenta nokkur eintök af stjórnarskránni, með þeim breytingum er nú hafa verið gjörðar. Var uppástungan studd og samþykkt. B. B. Olson

lagði til að stjórnarnefndinni væri falið að sjá um það. Stutt af Jónasi Halldórssyni og samþykkt.

Skrifari gat þess, að þó ekki hefði verið til síðs á undanfarandi þingum að kjósa mann í embætti það, sem nefnt er "Field Agent", enda þótt því sé haldið innan félagsins, þá væri þó rétt að gjöra það í þetta sinn. Hafi jafnan verið látið nægja útnefning frá Boston í það embætti, en nú sé fremur líkur til að enginn verði útnefndur þaðan í ár og embættið því lagt niður, muni og það starf verða ólaunað. Geti hann ekki þessa sín vegna, er gegnt hafi þessu embætti, heldur sé það hlunnindi fyrir félagið að halda því við. Séra Guðm. Árnason stakk upp á að embætti þessu sé haldið áfram, var uppástungan studd af Jónasi Halldórssyni og samþykkt.

Var þá lögð fyrir fundinn skýrsla útnefningar nefndarinnar sem fylgir:

Stjórnarnefnd:

Forseti	S. B. Brynjólfsson, Winnipeg
Varaforseti	Séra Guðm. Árnason, „
Skrifari	Séra Rögnv. Pétursson, „
Varaskrifari	Séra Alb. E. Kristjánsson, Gimli.
Féhirðir	Hannes Pétursson, Winnipeg.
Field Agent	Séra Rögnv. Pétursson, Wpg.
Útbreiðslustjóri	B. B. Olson, Gimli.
Meðráðendur	Guðm. Guðmundsson, Mary Hill.
„	Pétur Bjarnason, Otto.
„	E. S. Jónasson, Gimli.

Útgáfufnefnd "Heimis":

Séra Rögnv. Pétursson,
„ Guðm. Árnason,
„ A. E. Kristjánsson.

Undirritað

S. Kristjánsson,
G. Guðmundsson,
J. B. Skaptason.

Estir nokkrar umræður um útnefningar þessar, var stungið upp á að slíta fundi og fresta þingi til kl. 3.30 e. háð. Gat forseti þess, að fyrir þann fund yrði flutt messa eins og venja sé til í sambandi við þingið og prédíki séra A. E. Kristjánsson. Var uppástungan samþykkt og fundi slitið.

V. FUNDUR.

Messugjörð hófst kl. 2 30 e. háð Prédikaði séra A. E. Kristjánsson og var umræðu efnið "Musteri Guðs". Að lokinni guðsþjónustu var fundur settur. Fundarbók lesin og samþykkt. Kallað eftir fyrirleggjandi nefndaráli um útnefningu embættismanna. Skýrslan lesin. Séra A. E. Kristjánsson baðst undanþágu frá kosningu í útgáfunefnd "Heimis". J. B. Skaptason og Guðm. Guðmundsson mæltu fram með nefndarálitinu óbreyttu. Séra Guðm. Árnason kvaðst einnig helst vilja vera laus við að vera í útgáfunefndinni. G. J. Goodmundsson kvað sjálsagt að taka afsakanir þeirra prestanna til greina. Stakk upp á J. B. Skaptason og Jóh. Sigurðssyni í nefndina. J. B. Skaptason neitaði að taka kosningu. Sagði að séra Guðm. Árnason hefði ekki beðist undanþágu frá því að vera í nefndinni. Sagðist stinga upp á Ólafi Péturssyni í stað A. E. Kristjánssonar. Tillagan studd og samþykkt.

Séra Guðm. Árnason kvað ýmislegt á móti því að Skrifara og "Field Agent" embættin væri fengin einum og sama manni. Sagðist ekki ætla að segja fundinum hvað það væri, en hann vissi meira en hann segði. J. B. Skaptason kvað þau tvö embætti vel mega fara saman. Kvaðst ekkert sjá því til fyrirstöðu að sami maður hefði hvorutveggja. Séra Guðm. Árnason sagði, að sér væri sama um það, en hann vissi að um það gæti verið skiftar skoðanir.

Gjörði skrifari þá uppástungu að útnefningu sé breytt þannig, að fyrir skrifara sé útnefndur séra Guðm. Árnason, varaforseta séra A. E. Kristjánsson og varaskrifara Stefán Thorson. G. J. Goodmundsson studdi tillöguna og var hún samþykkt.

Var þá gengið til atkvæða um útnefninguna eins og hún lá fyrir með áorðnum breytingum og hlutu þessir kosningu:

Forseti	S. B. Brynjólfsson, Winnipeg.
Varaforseti	Séra A. E. Kristjánsson, Gimli.
Skrifari	Séra Guðm. Árnason, Wpeg.
Varaskrifari	Stefán Thorson, Gimli.
Féhirðir	Hannes Pétursson, Wpeg.
Field Agent	Séra Rögnv. Pétursson, Wpeg.
Útbreiðslustjóri	B. B. Olson, Gimli.
Meðráðendur	Guðm. Guðmundsson, Mary Hill.
"	Pétur Bjarnason, Otto.
"	Einar S. Jónasson, Gimli.

Útgáfufund "Heimis":

Séra Rögnv. Pétursson, Winnipeg,
Ólafur Pétursson, ,,
Séra Guðm. Árnason, ,,

Séra Guðm. Árnason stakk upp á, að birta skuli þingtíðindin í "Heimi". Tillagan studd og samþykkt.

Séra J. P. Sólmundsson gjörði þá fyrirspurn til forseta, hvort hann álitu sig vera tilheyrandi kyrkjufélaginu. Sögðist hann talinn vera prestur í gjöðabók þingsins og hefði það engum mótmælum sætt. Nú væri um það að ræða hvort hann sé tilheyrandi kyrkjufélaginu, því ef svo væri, þá sé hann líka prestur kyrkjufélagsins, og hafi þá verið brotin lög á sér að leyfa sér ekki full þingréttindi.

Forseti kvaðst ekki geta svarað þessari spurningu. Væri sér ókunnugt um það efni er séra J. P. Sólmundsson spyrði sig að.

Uppástunga kom fram um, að slíta nú fundi og fresta þingi til kl. 7.30 e. háð. Var hún studd og samþykkt.

VI. FUNDUR.

Trúmálafundur.

Varaforseti stýrði fundi. Umræðuefni fundarins: "Trúarhorfur meðal Íslendinga". Flutti S. B. Brynjólfsson inngangs erindi.

Ræðumaður kvað trúarbrögðin meðal Íslendinga vera breytingum háð. Framþróunar lögmálið væri þar verkandi sem annarstaðar. Í æsku ræðumanns var sú skoðunin að menn álitu alt rétt er fyrri aldir höfðu kent. Húsllestur almennur, og bænnum og lestrum fjálgað er óhópp, ísar eða óþurkar báru að hendi. Magnús Eiríksson talinn eini trúarvillingarinn, en sögður þó sæmdarmaður. Almikil fyrirbrigða og hindurvitna trú. Engar hærri kröfur um siðferði gjörðar til presta og annara. Þótti kátlegt en alls ekki hveýksanlegt þótt prestar drykkju. Fram að þeim tíma er ræðumaður fluttist vestur um haf, var þetta ástand trúarbragðanna á Íslandi.

Skömmu þar á eftir fer að votta fyrir vakningu á stöku siðdum. Fara að heyrast raddir andmælandi, helzt hindurvitnum og fyrirbröðum, áfa og draugatrú. Sérstaklega frá stúdentum í Kaupmannahöfn, er gjöra gaman að forneskju sögum. Fór þá fleira að seta eftirtekt og gránaði gamanið frá þessu. Fóru menn þá að tala líkt, um sumar helgi- og ritninga-sögur er sama eðlis eru og hindurvitna sagnirnar. Jókst þetta svo ár frá ári að loks varð ekki tekið upp rit að heiman að í því væri ekki árás gjörð á presta og kenningar kyrkjunnar.

Eftir nokkurn tíma vakna þó mótmæli gegn þessari nýju stefnu, í anda afturhvarfs stefnu sem þá er nýbyrjuð í Danmörku. Helztu forvígismenn

Þessarar afturhvarfshreyfingar lenda brátt í baráttu við fram-óknarliðið, og áður en varir eru þeir komnir yfir í framfara hópina, eins og t. d. séra Jón Helgason, Þórhallur biskup Þjarnarson og prófessor Haraldur Níelsson. Komast þeir svo í kest við sína fyrri flekksbraður. Er nú atsóknin höfð um þá, en í þeim viðskiftum hafa þeir ávalt borit hærra blut. Óttinn við hegningu h num megin allrífðast horfin, en urgur og gremja heyrast enn. Fjá forgönguliði afturhaldsmanna.

Breytingar þessar hafa ekki haft þau áhrif er í fyrstu var spáð, að alvöruleysid ofurmagnadist. Dvert á móti. Alvora og sænginni vaknað. Prestastéttin íslenska stó um batnað, og kvaðst ræðumaður álíta að frá henni mætti vonast hins læzta. Prestar farnir að skilja að trúarbröðin sé fyrir mennina, en ekki mennirnir skapaðir fyrir trúarbrögðin. Sagði ræðumaður það skoðun sína, eftir ársdöli á Íslandi nú fyrir skömmu, að í prestsstöndu á Íslandi hafi gengið margir þjóðarinnar valinkunnustu menn. Kvaðst ekki hafa verið álitinn prestavinur, myndi því ekki segja annað en sannfæringin heimtaði að sér. Trúarhorfur á Íslandi svo æ-kilegar sem frekast sé lagt að vonast til. Kyrkjan á hraðri ferð til fullrar rýnkunar. Ósókn gegn prestastétt landsins horfin, vegna þess að íslenskir rith fundar flúta til þess hún eigi það ekki lengur skilið.

Hér fyrir vestan sagan nokkuð önnur. Fyrst á árum haldið fornum síðum að helman. Myndast svo sfnuðir. Fyrst í Nýja Íslandi. Byrja þá tveir menn, þeir er fyrst gáfu sig við kykjulegri starfsemi, að eiga í deilum. Báðir eru þó jafn skoðanafastir á því að trúin sé í öllum atriðum rétt. Báðir jafn ógefniir fyrir rannsókn og vefenging ritninganna. Tveir blindir leiðtogar leiðandi blinda hópa út í blindar deilur. Ófríðar sá bratt mönnum frá og til þess að fara að rannsaka myndguleika trúarinnar. Kom það n.önnum til að fara að lesa. Ekki það sem áður var lesið, hugvekjur o. s. frv., heldur biblíura. Fór þá að vakja efi á ýmsum efnum. Óx sá efi unz um margt var deilt. Byrjar þá það sem ræðumaður kvaðst kalla ærztímabil í trúarsögu vorri hér vestra. Er sókn og vörn þá á stundum ærztakend og nokkuð gróf. Tímabil þetta nauðsynlegt. Er það tilhrensunar tímabilið í sögu vorri. Stundum slógu brýnuna, menn, er gengu í flokk með frjálslyndinu, svo þeir gæti talið sig tilheyra flokki, en b rðust þó fyrir engu. Var frjálslyndum málum oft tjón að þeim. Hefir frjálslyndið síðar orðið gætnara, sett sér reglur og tekið ákvedinn búning. Hefir það haft þau áhrif, að þeir er fyrir engu hördust eða engu vildu slá föstu, hafa yfirgefið flokk framsóknarmanna, sezt niður við veginn, skriðið í holu og ekki látið sjá sig. Framsóknarmenn búnir að knýja frá andstæðingum sínum, virding og viðurkenningu.

Medal vor ljórir flokkar. Únitarar, lögðu þeir fyrstir af stað. Þá koma "Nýguðfræðingar". Næstir eru "Skjaldborgar" menn. Hópur sá nýr. Ekki milkið um hann að segja en í áttina er hann að leita. Hóparnir eins og rekið sé úr réttum. Þeir lengst komnir er fyrstir voru dregnir úr "almenningnum". Næst þeim koma þeir sem síðar lögðu af stað. Eftir sitja enn í réttinni þeir "Fyrstu Lúthersku".

Engin ástæða til þess að vera vonfár um afdrif frjálslyndisins. Ervitt verður að spyrna á móti broddunum. Frjálslyndið hefir þau áhrif, að það

gjörir menn umburðarlyndari og manniðarfyllri. Tryggja þeir eiginlegleikar því, líf og staðfestu í heiminum.

Ad loknu erindinu var hverjum boðað að taka til máls er vildi. Var fundurinn fjálsóttur. Séra Guðm. Ároason tók þá til máls, og lagði áherzlu á þá breytingu er sjáunlega væri orðin í trúarefnum heima. Sagðist í asku hafa heyrt mann segja frá því, að ný skodun væri komin upp meðal Íslendinga í Ameríku. Kölluðu þeir sig Únitara og neituðu guddómi Krists. Urðu mennu æfir við þessa frétt. En nokkru áður en hann fluttist af Íslandi heyrdi hann menn segja, að Þorsteinn Erlingsson gj rði mjög þarft verk með árás sinni á kyrkjutrúna. Frjálslyndið þó mikið eflst síðan. Er nú Íslenska þjóðin í millibils ástandi. Ótrú annars vegar á gömlu kyrkjutrúnni, en óákveðin stefna hins vegar í frjálslynda átt. Ástand það hlýtur að breytast til ákveðinna trúarskodana, Únitarianism.

Séra Magnús J. Skaptason tók þá til máls. Kvadst í mörgu samdóma báðum ræðumönnum, en óskadi eftir að fyrri ræðumaður hefði farið meir út í framtíðar horfur trúmálanna hér. Trúar afstaðan heima hin sama og meðal "Ný-guðfræðinganna" hér. Óákveðin en í frjálslyndis átt. Hvortveggja ávöxtur Únitaratrúar breytinganna hér vestra. En kenning þessi ekki frjáls enn þá. En forngumenn hennar með mylnustein um hálsinn. Játa og neita í sömu andránni sömu kenningunum, t. d. innblæstri, endurlausn, erfðasýnd o. s. frv. Skapadi þetta trúleysi, léttúð og óhreinskilni.

Ræðumaður kvadst vera móti notkun biblíunnar við messur á sama hátt og nú væri, í kyrkjum frjálrúarmanna og Únitara. Kvadst vera samdóma Dr. Jóni Bjarnasyni, að ef einum bókstaf er hallað, er ritningin fallin sem guddómlegur innblástur. Þetta talið trúleysi. En vafasamt hvort trúleysi sé ekki betra en trúar hálfvegja. Til séu Lópar manna alveg trúlausir, eru þó ráðvaudir menn. Vitnadi til ummæla Vilhjálms Stefínssonar um Eskimóa, er séu gö ugir menn þótt standi þeir á menningarstigi Steinaldarmanna. Sapt að lítið sé um trúlausa menn hér. En ræðumaður fullyrti að hér væri hópar manna trúlausir, er afneiti trú á guð og annað líf. Trúin á sál og annað líf úleit ræðumaður fyrsta skilyrði fyrir göfugu lífi.

Sagði skrifari þá fáein orð. Taldi að inngangsræðan hefði lýst mjög sanngjarulega tildrögum að núverandi trúarhoifum. Trúarhorfurnar heima ætti langa sögu og væri tildraganna ekki að leita nema að litlu leyti hingað vestur. Ef hann mætti gj ra ágizkan væri fjórir fimtu hlutar áhrifanna runnir frá Íslendingum er verið hefði við Háskólann í Danmörku og seinni tíðar bókmentum Skandínavá, en einn fimti hēðan. Þetta væri þó að eins ágizkan. Virkilegleika stefnan í bókmentum Norðurlálfunnar hefði vakið menn af dvala, drauma og hleypidóma. "Verðanda"menn í Kaupmannahöfn tekið þeim boðskap með fögnuði og flutt hann með krafti til Íslands. Eftir þeim tekið við Þorst. Erlingsson, Þorst. Gíslason, og yngri háskólagengnu skáldin, og nú loks yngri kennarar lærða skólans og Háskólans í Reykjavík.

Undir umskiftin hefði verið vel búid að búa með Fjölnir og frjálslyndi endurvakningarmanna 19. aldar. Pétur biskup gaf trúarhugsun Íslendinga anda umburðarlyndis og manniðar, með húslestra bókum sínum.

Þrátt fyrir frjálsari skodanir mikið ófengið enn. Nýja guðfræðin þoku-

kend, óákveðin. Stæði gagnvart kröfum trúar og skynsemi eins og Pétur í Höll Kaífasar. Margan langaði þó til að fara skör lengra, en andinn enn háður fornum fyrirmælum.

Ekki kvadst ræðumaður vilja láta taka biblíuna af altarinu. Á sama hátt mætti þá taka altarið úr kyrkjunni. Inblásturinn hefði aldrei verið bókstaflegur. Andi guðs byggi meðal manna í brotum sannleiks, hvert þau brot eru heldur biblíu, líkneski, mynd eða kvæði. Með því að gjöra fegurð kyrkna og guðsþjónustu sem mesta, yrði mönnum berari sannleikurinn um göfki trúarinnar.

Trúleysi enginn vottur um vitsmunalega fullkomnun. Sannleikur allur gamall. Menn þekkja hann í brotum. Einstökum mönnum gefið að setja brotin saman í réttar afstæður. Nýr sannleikur fundinn. Ekki nýr sannleikur heldur stærra brot. Þyngdarlögmálið og frampróunarlögmálið ekki nýr sannleikur. Newton og Darwin settu sannleiksbrotin mærgu saman í rétta afstöðu og opinberuðu mönnum stærri sannleika. Biblían sannar ekki hugsanafræðislega, að guð sé til. Það gjörir engin bók. Mörg sannleiks brot benda á tilveru eilífrar veru. Einhvern tíma kemur sá maður er safnað getur þeim brotum og sannað allri skynsemi manna að guð sé til. Eftir því er frjálshyndið að leita og að því er það að stefna.

Að loknum umræðum bauð Únitara söfnuðurinn þingmönnum og gestum þingsins til samsætis í fundarsal kyrkjunnar. Var því boði tekið en á undan fóru fram þingslit. Lesin fundarbók V. og VI. fundar og staðfest. Var þá stungið upp á að slíta þingi og uppástungan studd. Las skrifari kafla úr 19 og 23 Davíðs sálmi. Var þá sunginn sálmurinn 427 í Sálmabókinni.

Sagði forseti þá þingi slitið.

Gjörðabók staðfest 20. Apríl 1913.

Undirrituð:

S. B. BRYNJÓLFSSON,
forseti.

RÖGNV. PÉTURSSON,
skrifari

HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og auglýsinga.
Kostar einn dollar um árið. borgist fyrirfram.

Gefinn út af hinu Únitáriska Kyrkjufélagi Vestur-Íslendinga.

ÚTGÁFUFREND:

Rögnv. Pétursson, ritstjóri Guðm. Árnason Ó. Pétursson, ráðsmaður
533 Agnes St. 45 Aikens Bldg.

Bréf og annað innihaldi blaðsins viðvíkjandi sendist til ritstjóraus, 533 Agnes St.
Peninga sendingar sendist til ráðsmannsins, 45 Aikens Bldg.

THE ANDERSON CO., PRINTERS

TIMBUR!

☞ Vér höfum miklar byrgðir af tegldu og ótegldu timbri.
☞ Vor innanhús "Finishing," Gluggakarmar, Hurðir og Listar, eiga enga sína jafningja. Eitt borð eða vagnhlass.

Komið til vor

The Empire Sash & Door Co. Limited

Henry Avenue, East

BARNALÆRDÓMSKVER ÚNÍTARA

er til sölu hjá þessum mönnum:

—

Sveini Thorvaldssyni, Icelandic River; Sigurði Péturssyni, Árnes; B. B. Olson Gimli; séra Rögnv. Péturssyni, Winnipeg; séra Guðm. Árnasyni, Winnipeg; Guðmundi Guðmundssyni, Mary Hill; Nielsi Hallsyni, Mary Hill; séra Albert E. Kristjánssyni, Lillesve; Sig. J. Vídal, Hnausa, Man.; Magnúsi Bjarnasyni, Mountain; Einari Einarssyni, Pine Valley; Stefáni Péturssyni, c/o. Heimskringla.

Og flestum íslenskum bóksölum.

—

VERÐ: 35 cent

NOTIÐ

Royal Crown

SÁPU

GEYMIÐ UMBÚÐIRNAR OG FÁIÐ VERÐLAUN.

Það hefir verið sannað með tilraunum að sex stykki af ROYAL CROWN SÁPU eru notadrýgri en átta stykki af vanalegri sápu.

Fáið yður einn pakka af Royal Crown sápu, og komist að raun um að ofanskráð staðhæfing er rétt.

Sendið eftir fullkomnum verðlaunabla. Hann kostar yður ekki neitt.

THE ROYAL CROWN SOAPS, LTD.

VERÐLAUNAEILD

WINNIPEG, - - CANADA

Nýttiskulegasti og endingarbezti
skófatnaður í Canada

Drjár verksmiðjur, Montreal og St. Hyacinthe

Tvær sérstakar tegundir—

“Ames Holden Skór”

“McCready Skór”

Nægar byrgðir til skjótrar útsendingar í vörugymsluhúsi
okkar í Winnipeg

Ames Holden McCready Limited

ÞJÓÐERNI
1910
WINNIPEG
SASKATCHEWAN